

Eystrahorn

37. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 28. október 2021

www.eystrahorn.is


Þáttaskil í mælingum á Heinabergsjökli

Nemendur FAS hafa fylgst með breytingum á Heinabergsjökli allt frá árinu 1990 og hefur ferðin að jöklinum verið liður í námi þeirra. Náttúrustofa Suðausturlands hefur einnig verið samstarfsaðili að jöklamælingunum frá því að hún var stofnuð 2013.

Lengst af var fjarlægð að jöklinum mæld út frá tveimur ákveðnum mælinum á landi. Þar sem lón er fyrir framan jökulinn hefur þurft að beita svokölluðum þríhyrningamælingum til að reikna út fjarlægð að jökulsporðinum. Þeir sem fara reglulega að jöklinum hafa séð mjög miklar breytingar síðustu ár og lónið hefur stækkað verulega.

Árið 2017 urðu ákveðin þáttaskil í mælingunum því þá var ljóst að nyrðri mælipunkturinn gagnaðist ekki lengur. Þegar loftmyndir voru skoðaðar kom í ljós að það sem var talið ísjaðar voru í raun stórir ísjakar. Síðustu ár hefur því einungis verið mælt sunnan megin þar sem jökullinn hefur verið nokkuð stöðugur. En jafnvel þar sjást miklar breytingar frá ári til árs.

Í fyrrasumar fékk Náttúrustofa Suðausturlands styrk frá Loftslagssjóði til þess að fljúga yfir jökla landsins og taka myndir af þeim, í því skyni að nýta til ýmissa rannsókna. Það var Snævarr Guðmundsson sem þekkir hvað best til jöklanna hér um slóðir sem fékk það hlutverk. Þegar nýleg loftmynd af Heinabergsjökli er skoðuð sést að þar hafa orðið gríðarmiklar breytingar. Það má sjá best af urðarröndinni, sem liggur frá Snjófjalli, að fremsti hluti jökulsins hefur hliðrast til vinstri og liggur nú brotinn fram með Hafrafelli. Sá hluti er ekki



Loftmynd af Heinabergsjökli. Myndataka styrkt af Loftslagssjóði



Nestíspása er nauðsynleg í útiveru

lengur virkur hluti skriðjökulsins heldur í raun risavaxinn ísjaki og bíður örlaga sinna, sem er að bráðna. Það er erfitt að segja til um hvenær þessar breytingar hafi orðið en Snævarr telur að sjá megi fyrsta vísi að þeim þegar árið 2018.

Á myndinni sést líka að fremsti hluti jökulsins norðan megin í lóninu er margklofinn og mjög

sprunginn og víða sést í vatn sem bendir til þess að lónið eigi eftir að stækka mikið á næstu árum.

Í ljósi þessara upplýsinga eru mælingar á jöklinum í þeirri mynd sem þær hafa verið gerðar í þrjá áratugi ekki lengur raunhæfar. Við ætlum þó áfram að fylgjast með stóra ísjakanum sem liggur við Hafrafell og höfum hug á að leita nýrra

leiða til að mæla framvinduna á jöklinum. Og við ætlum líka að halda áfram að skoða umhverfið fyrir framan Heinabergslón því þar eru einstakar aðstæður til að skoða ummerki landmótunar af völdum jökla.

Fyrir hönd
jöklamælingagengisins 2021,
Hjördís Skírnisdóttir



Nú höfum við opið á laugardögum fram að jólum frá kl. 13:00-15:00.

Jólavörur streyma í hús
Úrval af rúmum og göflum



Símar:

478-2535 / 898-3664



HAFNARKIRKJA

Sunnudaginn 31. október

Allra heilagra messa kl. 20:00

Látinna minnst í tali og tónum. Hægt verður að kveikja á kertum í athöfninni til að minnast látinna vina og ættingja.

Nánar um allra heilagra messu á heimasíðunni og Facebook

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



SAMVERA í Ekru föstudaginn
29. október kl. 17:00.

-Hvert örstutt spor- leikstjórinn Stefán Sturla segir frá uppsetningu Leikfélagsins og FAS á Silfurtungli Halldórs Laxness.

Munið þriggja kvölda félagsvistina fimmtudaginn 28. Kl. 20:00. Síðasta kvöldið.



SÍÐASTI SKILADAGUR

Jól í skókassa

Tekið verður á móti kössum í Hafnarkirkju milli 12 og 15 föstudaginn 29. október.

Viðskiptavinir athugið!

Skrifstofur embættisins verða **lokaðar föstudaginn**

5. nóvember vegna starfs- og fræðsludags.

Viðskiptavinir eru hvattir til að nýta sér rafræna þjónustu okkar á www.syslumenn.is, þar með talið netspjall.

Fyrir neyðartilvik er bent á netfangið sudurland@syslumenn.is

Bent er á, að hægt er að sækja um vegabréf og ökuskirteini hjá öllum sýslumönnum óháð búsetu.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi



Eystrahorn

Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu Eystrahorns? Kynntu þér málið á:

www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126



destinations : wellbeing tourism

detour

Áhugaverð ráðstefna

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra
ávarpar ráðstefnugesti

Meðal fyrirlesara:

- Steve Taylor, forstöðumaður tómsunda- og ferðaþjónusturannsóka við University of the Highlands and Islands í Skotlandi
- Edward H. Huijbens, prófessor í menningarlandfræði við Wageningen University í Hollandi

Dagskrá ráðstefnunnar verður birt síðar

www.detourproject.eu

- Taktu daginn frá -

10. nóvember 2021

Heilsueflandi ferðaþjónusta

Nýheimum, Höfn og á Teams, kl. 15:00 – 19:00

- Kynntu þér stöðu heilsueflandi ferðaþjónustu bæði á Íslandi og alþjóðlegum vettvangi
- Kynntu þér tækifærin sem felast í einum helsta vaxtarsprotu alþjóðlegrar ferðaþjónustu í gegnum afurðir DETOUR verkefnisins
- Taktu þátt í að prufukeyra rafrænt námsumhverfi DETOUR verkefnisins

Nánari upplýsingar veittar á hulda@fas.is

@WellbeingTourismDestinations

Fermingarbörn safna fyrir vatnsverkefnum í Afríku



Börn í fermingarfræðslu Bjarnanessprestakalls munu á þriðjudaginn ganga í hús og safna fyrir vatnsverkefnum í Afríku. Söfnunin hefur verið í samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar og munu börnin fá fræðslu í hvað peningarnir fara áður en þau halda út með baukana. Með því að virkja börnin með söfnuninni fá þau fræðslu um þá neyð sem ríkir í heiminum í dag og hvernig þau geta sýnt náungakærleik og látið gott af sér leiða. Söfnunin síðustu ár hefur gengið gríðarlega vel og er sú ósk að það sama verði uppi á teningnum í ár og að Hornfirðingar taki vel á móti börnunum. Söfnunin verður þriðjudaginn 2. nóvember milli kl.18 og 21.

Leikfélag Hornafjarðar



Vetrarstarfið hjá leikfélagi Hornafjarðar er komið á fullt og hefur ný stjórn verið kosin.

Í stjórn þessa leikárs eru: Ragnheiður Rafnsdóttir formaður og Ingólfur Baldvinsson gjaldkeri. Meðstjórnendur eru Róslín Alma Valdemarsdóttir, Emil Morávek, Sigríður Þórunn Þorvarðardóttir, Birna Jódís Magnúsdóttir og Tómas Nói Hauksson.

Í samstarfi við Framhaldsskóla A-Skaftafellssýslu hefur verið ákveðið að setja upp leikritið Silfurtúnglið eftir Halldór Laxness. Leikstjóri verksins er Stefán Sturla Sigurjónsson.

Undanfarin ár höfum við í leikfélaginu átt mjög gott samstarf við framhaldsskólann og hlökkum við til áframhaldandi vinnu með þeim. Hinsvegar er áhugasömum Hornfirðingum bent á að hafa samband við stjórnina ef þá langar að vera með og taka þátt í fjölbreyttu starfi sem fylgir uppsetningu á leiksýningunni. Æfingar byrja í janúar nk. en frumsýnt verður í mars.

Við í leikfélaginu stefnum á öflugt leikár 2022 en félagið fagnar þá 60 ára afmæli sínu og í kjölfarið er vilji til að halda upp á það með ýmsum hætti sem verður auglýst síðar.



3.framboðið efnir til opinna spjallfunda um málefni sveitarfélagsins

Fyrsti fundur verður þriðjudaginn 2. nóvember klukkan 20:00 í Hólmi á Mýrum

Annar fundur verður þriðjudaginn 9. nóvember klukkan 20:00 á Kaffi Vatnajökli á Fagurhólsmýri

Þriðji fundur verður fimmtudaginn 11. nóvember klukkan 20:00 í Nýheimum á Höfn

Hvernig getum við gert samfélagið okkar betra?
Hver er framtíðarsýn þín?

Allir velkomnir í spjall og kaffi

<https://xe.780.is/>

Stjórn 3.framboðsins

Smáframleiðendur matvæla sameinast í Matsjóni

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Matsjóna, verkefni sem er ætlað smáframleiðendum matvæla sem vilja efla leiðtogaferni sína, öðlast aukna getu til að þróa vörur og þjónustu og efla tengslanetið sitt í greininni. Matsjón fer fram á 14 vikna tímabili frá 6. janúar til 7. apríl og samanstendur af sjö lotum með heimafundum/jafningjaráðgjöf, fræðslu og erindum, verkefnavinnu og ráðgjöf. Verkefnið fer fram á netinu þvert á landið og lýkur með veglegri uppskeruhátíð þar sem þátttakendur hittast í raunheimi.

Verkefnið hlaut styrk úr Matvælasjóði og er byggt upp að fyrirmynd Ratsjárinnar sem er verkefni fyrir stjórnendur í ferðabjónustu þróað af Íslenska ferðaklasanum. Samtök smáframleiðanda matvæla og landshlutasamtök sveitarfélaga um land allt standa að Matsjóni en verkefnisstjórn er í höndum RATA.

„Eitt af megin markmiðum Samtaka smáframleiðenda matvæla er að hámarka ávinning félagsmanna af aðild og lykili áhersluverkefni að auka þekkingu og þróa verkfæri sem geta nýst þeim í þeirra rekstri. Við sóttum því um styrk í Matvælasjóð til að bjóða upp á metnaðarfullt fræðsluverkefni í samstarfi við landshlutasamtökin - sem myndi einnig stuðla að auknu samstarfi og samtakamætti smáframleiðenda matvæla um land allt sem er einmitt meginilgangur samtakanna. Við erum stolt af því að geta stutt við bakið á okkar félagsmönnum og bjóðum

alla aðra smáframleiðendur sem vilja slást í hópinn velkomna.“ (Oddný Anna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka smáframleiðenda matvæla)

Matsjón mun snerta á helstu áskorunum sem smáframleiðendur matvæla standa frammi fyrir í dag en endanleg dagskrá mun vera unnin í samstarfi við þátttakendur sem geta með kosningu haft áhrif á þá fræðslu sem boðið verður upp á. Listi yfir möguleg umfjöllunarefni er að finna inn í umsóknarforminu. Meðal ávinninga af þátttöku má nefna að efla fókus í starfsemi og framleiðsluferli, öðlast ný verkfæri og þekkingu, aukin leiðtogaferni, koma auga á ný viðskiptatækifæri og aukin tengslanet og mögulegt samstarf meðal þátttakenda.

“Landshlutasamtökin tóku þátt í Ratsjóni fyrr á árinu og var mikil ánægja meðal þátttakenda og samtakanna með fyrirkomulagið og fræðsluna. Eftir samtal við SSFM sáum við að það var tækifæri á að nýta hugmyndafræðina í fleiri greinum og þróa verkefni fyrir smáframleiðendur matvæla. Við teljum verkefnið vel til þess fallið að efla stjórnendur í matvælaframleiðslu, ýta undir nýsköpun og vörubróun í greininni og ekki síst stórefla tengslanetið á milli aðila sem getur ýtt undir samstarf og ný viðskiptatækifæri - allt þetta þvert á landið.“ (Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSVN)



Umsóknarfrestur er til 20. nóvember og verkefnið hefst með kynningarfundum 2. desember kl. 15:00. Matsjón hefst svo formlega 6. janúar og lýkur 7. apríl. Þátttökugjald í Matsjóni er kr. 30.000, innifalið er gjaldfrjáls aðild að SSFM fyrir árið 2022. Þátttökugjald í Matsjóni fyrir núverandi félagsmenn SSFM er 15.000 kr.

Frekari upplýsingar:

Verkefnastjóri Matsjárinnar: Svava Björk Ólafsdóttir, svava@rata.is, sími: 695-3918

Ráðgjafar á Suðurlandi:

Þurður Helga Benediktsdóttir, framtid@klastur.is - sími: 8932115

Guðný Gígja Benediktsdóttir, gudny@nyheimar.is - sími: 4708086

BÆJARMÁLAFUNDUR

Sjálfstæðisfélagið auglýsir bæjarmálafund laugardaginn 30. október kl. 10:30 í Sjallanum. Kaffi á könnunni og Allir velkomnir.

Stjórnin

D

Hrekkjavaka


Fimmtudaginn 28. október klukkan 19:00 geta börn á Höfn farið á milli húsa og fengið eitthvað gott í tilefni af Hrekkjavöku. Þrykkjan er í samstarfi með okkur og hægt verður að fara þangað á fimmtudaginn á milli kl. 17:00 og 19:00 og klæða sig í búninga og mála andlit.

Listi með heimilisföngum verður í Þrykkjunni en einnig mun hann verða auglýstur á síðu foreldrafélagsins á Facebook. Einungis er í boði að fara í þau hús sem eru skráð.

Foreldrafélag Grunnskóla Hornafjarðar.


Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



flooré
GÓLFHITI

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límbar beint á gólfíð
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) • 200 Kópavogur
Sími 567 1330 • www.hringas.is



Hringas ehf.

FJÖLBREYTT STÖRF Í BOÐI!

Fallastakkur/Glacier Journey leitar að hressu fólki í heilsársstörf í Sveitarfélaginu Hornafjörði.

Fallastakkur/Glacier Journey getur útvegað húsnæði á sanngjörnu verði.

Um er að ræða, skólaakstur, snjósleða leiðsögn á Vatnajökli, akstur með ferðamenn á breyttum bílum, viðhalds og verkstæðisvinnu og fleiri tilfallandi verkefni. Laun samkvæmt samkomulagi.

STARFSKRÖFUR:

- Ökuréttindi D - DE (450) auk annara krafna sem ræddar eru í atvinnuviðtali.
- Hreint sakavottorð
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Samviskusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Íslensku og enskukunnátta er æskileg.

Umsóknir berist til info@glacierjourney.is
Atvinnuviðtöl fara fram að Víkurbraut 4 780 Höfn
Frekari upplýsingar eru gefnar í síma 8670493 og info@glacierjourney.is
Vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilskrá á netfangið: info@glacierjourney.is

Fallastakkur / Glacier Journey is looking for a cheerful individual/positive person for a full-time job in the municipality of Hornafjörður.

Fallastakkur/ Glacier Journey can provide accommodation for a fair price.

These include, school bus driving, driving in modified cars and guiding tourists for snowmobile and other tours, maintenance and workshop work.
Wages by agreement.

JOB REQUIREMENTS:

- Driving license D - DE (450) as well as other requirements discussed in a job interview.
- Clean record
- Good communication skills and service minded.
- Conscientiousness and independence in taking working decisions
- Icelandic and English skills are required.

Send job applications to info@glacierjourney.is
Job interviews will take place at Víkurbraut 4 780 Höfn
Further information by phone 8670493 and info@glacierjourney.is

Conducator auto/ Ghid turistic/ Muncitor atelier reparatii, loc de munca disponibil:

Fallastakkur/Glacier Journey caută o persoană cu atitudine pozitivă pentru un loc de muncă în Hornafjörður, pentru perioadă nedeterminată.

Fallastakkur/ Glacier Journey poate oferi cazare la un pret corect.

Locul de muncă presupune munca în atelier: reparatii și intretinere, conducere de automobile modificate, și ghidaj turistic în tururi de snowmobil și alte tururi și transport școlar.

CERINTE:

- Permis conducere categoria D-DE(450), și alte cerințe care se vor discuta la interviu,
- Cazier judiciar curat,
- Abilitati de comunicare bune și orientare către client,
- Conștiinciozitate și independentă în ceea ce privește luarea deciziilor,
- Cunoasterea limbii Engleze și Islandeze.

Aplicatiile se vor trimite la info@glacierjourney.info
Interviurile vor avea loc la Víkurbraut 4, 780 Höfn
Mai multe informații la tel: 8670493 și e-mail: info@glacierjourney.is



VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

Þú færð **vetrardekk**in hjá okkur.
Bjóðum upp á allar stærðir
og gerðir **vetrardekkja**.



 **Hankook**
PERFORMANCE TIRES

 **GOODYEAR**


Vatnajökull Dekk

Vatnajökull Dekk • Bugðuleira 2 • 780 Höfn • Sími: **839-1616**